



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

26. fundur var haldinn í húsnæði F.S. 11. júlí 1978.
Mettir voru Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari
Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson, Bergmann
Þorleifsson og Hreinn Ásgrímsson.

I. Tilboð í raflegnir nýbyggingar:

Tilboð bárust frá Rafiðn h.f., Geisla h.f. og
Rafmagnsverkstað: Ingólfs Bárðarsonar. Lægsta
tilboðið er frá Geisla h.f. kr. 3.457.228-.
Tilboð Ingólfs Bárðarsonar er kr. 3.578.657-
og tilboð frá Rafiðn h.f. er kr. 3.603.000-.

II. Kristinn Björnsson mætti á fundinn f.h. Rafiðnar h.f.
vegna ofangreindra tilboða, þar sem Rafiðn h.f. hefur
annast þær lagnir sem fyrir eru í húsinu.
Kristinn kvaðst vilja gera athugasemd við það, að
Geisli h.f. hefði fengið að skila sundurgreiningu sinni
á verkinu við opnun tilboða.
Kvaðst Kristinn vilja ítreka það, að fyrirtæki hans
myndi standa við krönutölu þá sem í tilboðinu var
fyrir leiðréttingu verkfræðistofu þeirrar sem yfir
tilboðin fór, en sú upphæð er þar stendur er kr.
3.533.000-. Þá kvaðst Kristinn vilja fá það bókað
að tilboðið miðist við að verkið verði allt unnið í
dagvinnu. Síðan vék Kristinn af fundi.
Skólanefnd er sammála um að taka lægsta tilboðinu, enda
er mælt með því af hálfu Verkfræðistofu Jóhanns Indriða-
sonar sem yfirfór tilboðin.

III. Eitt tilboð hefur komið fram í pípulagnir nýbyggingar,
frá Ólafi Erlingssyni.

Samþykkt var að leita álits Hálfdáns Helgasonar, tækni-
fræðings á tilboðinu, en hann gekk frá útboðsgögnum.
Skólanefnd er sammála um að taka tilboði þessu. Telji
tæknifræðingurinn það vera raunhæft.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið .

Fundarritari,

Hreinn Ásgrímsson